

Hafnarfirði 10. desember 2015,

Áskorun til þeirra er málið varðar.

Í Hafnarfirði er í gangi þarft áttak til að efla læsi „Lestur er lífsins leikur“. Þar er, líkt og í Þjóðarsáttmálanum um læsi, tilgangurinn að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns og ánægju. Stærsta hlutverk bókasafna grunnskólanna í Hafnarfirði hlýtur að vera að efla áhuga nemenda okkar á lestri og til þess þurfum við að bjóða upp á áhugavert lesefni. Það gerum við meðal annars með því að kaupa nýtt efni og mikilvægt er að eiga fleiri en eitt eintak af ákveðnum titlum til að koma til móts við áhuga og eftirspurn nemenda.

Skólasöfnin eru hornsteinn og hjarta í hverjum skóla og gegna grunnhlutverki í lestrarnámi barna. Þrátt fyrir það berjast skólasöfn í Hafnarfirði í bökum ár hvert við að sjá til þess að börnin hafi úr nægilegu lesefni að velja og ekkert skólasafn telur sig ná því markmiði, flest eru mjög fjarri því.

Bækur á skólasöfnum eru jafn nauðsynlegar fyrir nemendur og námsbækurnar. Það er því afar brýnt að Hafnarfjarðarbær hafi ákveðið viðmið þegar kemur að innkaupum á skólasöfn í bænum. Eðlilegt væri að miða við upphæð sem jafngildir kaupum á einni nýrri bók árlega á hvern nemanda skólans að lágmarki. Það myndi gera gæfumuninn fyrir lestrarárangur barna og væri grunnur að því að skapa jákvætt viðhorf til lestrar líkt og læsisátakið kallar eftir.

Við skorum því á Hafnarfjarðarbæ að bæta aðgengi hafnifirska barna að bókum sem fyrst með því að tryggja skólasöfnum bæjarins nægjanlegt fjármagn til bókakaupa, það getur haft úrslitaáhrif á læsi barna í Hafnarfirði.

Bókasafns- og upplýsingafræðingar á bókasöfnum grunnskólanna í Hafnarfirði.

Anna Sigurðardóttir, Hraunvallaskóla
Ásdís Helga Árnadóttir, Víðistaðaskóla, Engidal
Guðný Birna Rosenkjær, Lækjarskóla
Guðrún Einarsdóttir, Áslandsskóla
Nanna Jónsdóttir, Setbergsskóla
Sif Heiða Guðmundsdóttir, Hvaleyrarskóla
Steinunn Ósk Guðmundsdóttir, Víðistaðaskóla
Þóra Jónsdóttir, Öldutúnsskóla